

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 353. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 11. janúar 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Krossavík – sjóböð. Kári Viðarsson og Páll Kr. Pálsson mæta á fundinn í gegnum Teams.
- 2) Fundargerð 156. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 7. janúar 2022.
- 3) Fundargerð 138. fundar hafnarstjórnar, dags. 13. desember 2021.
- 4) Fundargerð 11. fundar sameiningarnefndar, dags. 13. desember 2021.
- 5) Fundargerð 198. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 7. desember 2021.
- 6) Fundargerð framkvæmdastjórnar Byggðasamlangs Snæfellinga, dags. 14. desember 2021.
- 7) Fundargerð 171. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 13. desember 2021.
- 8) Fundargerð 172. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 28. desember 2021.
- 9) Fundargerð 64. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 13. desember 2021.
- 10) Fundargerð 904. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. desember 2021.
- 11) Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 28. desember 2021, varðandi tilnefningu Snæfellsbæjar í þjóðgarðsráð fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.
- 12) Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 21. desember 2021, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga fiskveiðíarið 2021/2022
- 13) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 16. desember 2021**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Kari Vidarsson <karividars@googlemail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 28. desember 2021 15:48  
**To:** Snæfellsbær; Kristinn Jónasson; Lilja Ólafardóttir  
**Subject:** Krossavík sjóböð - beiðni um fund með bæjarstjóra og bæjarstjórn

Heil og sael og gleðilega hátíð.

Við Páll Kr. Pálsson óskum hér með eftir fundi með bæjarstjóra og bæjarstjórn vegna Krossavíkur verkefnisins. Töluverður skriður er kominn á verkefnið og við teljum að okkar stjórnsýslufólk þurfi að vera upplýst um framgang verkefnisins sem fyrst.

Best væri ef fundurinn gæti verið 6. eða 7. janúar.

Með von um snör og jákvæð viðbrögð.

--

**Bestu kveðjur / Best wishes,**  
**Kári Viðarsson, Actor & Artistic Director Of The Freezer**  
Tel: +354 8659432  
[www.thefreezerhostel.com](http://www.thefreezerhostel.com)

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 156156. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 7. janúar 2022  
og hófst hann kl. 09:30.**

**Fundinn sátu:**

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Hildigunnur Haraldsdóttir skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar sat fundinn eftir að aðalskipulagstillaga fyrir Gíslabæ var tekin fyrir.

**Dagskrá:**

**1. GíslabærASK - Breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Hellnum - 2006008**

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti tillögu að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 að Hellnum á fundi sínum 3. júní 2021 og sendi hana til Skipulagsstofnunar til að leita heimildar til að auglýsa tillöguna í samræmi við 31. grein skipulagslag. Með svari dagsettu 23. ágúst 2021 var heimilað að auglýsa tillöguna þegar brugðist hefði verið við athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar og var orðið við þeim.

Tillagan er lögð fram með það í huga að fela tæknideild Snæfellsbæjar að auglýsa hana með áberandi hætti með 6 vikna athugasemdafræsti. Að því loknu mun bæjarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til fram kominna athugasemda og hvort þær kalli á breytingar. Samþykki bæjarstjórn tillöguna, skal hún send Skipulagsstofnun ásamt fram komnum athugasemdum og umsögnum um þær innan 12 vikna frá því að athugasemdafræstur rennur út. Svör verði send til þeirra sem gerðu athugasemdir. Eftir það lætur Skipulagsstofnun auglýsa gildistöku í B deild Stjórnartíðinda innan fjögurra vikna. Aðalskipulagsbreyting tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt af bæjarstjórn, hlutið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B deild Stjórnartíðinda.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir tillögu að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 að Hellnum. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt og beint í lögboðið kynningarferli sem hefist með auglýsingu í samræmi við 31. gr. skipulagslag.*

*Samþykkt*

**2. GíslabærDSK\_Deiliskipulagstillaga - 2104001**

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi á hluta jarðarinnar Gíslabæjar á Hellnum. Gert er ráð fyrir allt að 1.000 m<sup>2</sup> hótelri neðan vegar og 8 smáhhýsum sem verði allt að 40 m<sup>2</sup> að stærð ofan vegar. Jafnframt verði núverandi húsakostur nýttur áfram, m.a. fyrir starfsmenn. Forkynning hefur þegar farið fram.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til að bæjarstjórn samþykki hana og beini henni í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við 41. gr. skipulagslag. Nefndin leggur til að bætt verði setningu inn á deiliskipulagsupprátt að bæjaryfirvöld*

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

*komi ekki að gerð sjóvarnargarða verði þörf fyrir þá.*

*Samþykkt*

## 3. Deiliskipulag fyrir Hraunbala í Miðhúsum - 2001003

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hraunbala í Miðhúsum var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagsлага. Ein athugasemdir barst frá opinberum umsagnaraðila og hefur henni verið mætt. Óskað er eftir samþykki fyrir því að skipulagið verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og í kjölfarið sett í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu þangað til gögn verði uppfærð vegna framkominna umsagna en ekki hefur orðið við þeim öllum.*

*Frestað*

## 4. Nýtt deiliskipulag á Hellissandi - raðhús - 2105026

Tillaga að deiliskipulagi vegna nýrra raðhúsa á Hellissandi var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagsлага. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum. Óskað er eftir því að skipulagið verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina deiliskipulaginu til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með það í huga að senda það áfram til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda. Kynnt var tillaga að götunöfnum og húsnum umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina deiliskipulaginu til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með það í huga að senda það áfram til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.*

*Samþykkt*

## 5. Deiliskipulagstillaga - Iðnaðarsvæði á Rifi - 2108001

Tillaga að deiliskipulagi Iðnaðarsvæðis á Rifi var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagssлага. Svör bárust frá tíu umsagnaraðilum og athugasemdir/ábendingar frá fimm þeirra. Hefur þeim verið mætt, nema hvað varða athugasemdir Vegagerðarinnar, en beðið er eftir fundi með þeim. Óskað er eftir því að skipulagið verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.

*Deiliskipulag hefur verið lagfært í samræmi við athugasemdir umsagnaraðila að því undanskildu að bæjaryfirvöld biða eftir fundi með Vegagerðinni um hugsanlegar lausnir. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina deiliskipulaginu til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með það í huga að senda það áfram til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.*

*Samþykkt*

## 6. Gamli Kaupstaður\_Nýtt deiliskipulag - 1905013

Tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundahús, Gamli Kaupstað við Búðaós var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagsлага. Umsagnir bárust frá 9 umsagnaraðilum og var unnt að verða við hluta athugasemda sem þar komu fram. Óskað er eftir samþykki fyrir því að skipulagið verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og í kjölfarið sett í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.

*Deiliskipulag hefur að hluta til verið lagfært í samræmi við athugasemdir umsagnaraðila. Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og fer fram á að bætt verði við skilmálatexta um húshæðir þannig að mesta hæð langveggja verði allt að 3,2 metrar og þakhalli verði sambærilegur og á núverandi húsi. Hæsti punktur þaks verðir þó aldrei*

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

*hærrí en 5,4 metrar. Einnig skal tekið fram að ekki er heimilt að planta framandi gróðurtegundum á svæðinu. Jafnframt eru engar gírðingar eða manir heimilar á deiliskipulagssvæðinu.*

*Tekið skal fram að ef háspennustrengur verði færður mun Snæfellsbær ekki taka þátt í kostnaði við þá framkvæmd. Einnig skal tekið fram að skipulags- og byggingaryfirvöld Snæfellsbæjar muni bera allar framkvæmdir á svæðinu undir Umhverfisstofnun vegna nálægðar við friðland.*

*Frestað*

### 7. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Erindi bæjarstjórnar til nefndarinnar varðandi bréf Kára Viðarssonar um hugmynd hans um sjóböð í Krossavík kynnt.
- Byggingarfulltrúa falið að hafa samband við eigendur Mýrarholts 3 vegna fokhættu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.**

138. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 13.12. 2021, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,  
Þóra Olsen,  
Heiðar Magnússon,  
Sæunn Dögg Baldursdóttir,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 23.06. 2021, varðandi samþykkt bæjarráðs á fundargerð 137. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 435 dags. 04.06. nr. 436 dags. 20.08. nr. 437 dags. 16.09. nr. 438 dags. 15.10. og nr. 439 dags. 12.11. 2021. Lagt fram til kynningar.
3. Gjaldskrá hafnarsjóðs fyrir árið 2022. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
4. Fjárhags og framkvæmdaáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2022. Hafnarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir helstu liði hennar. Fjárhags og framkvæmdaáætlunin samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.25

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður.  
Þóra Olsen.  
Sæunn Dögg Baldursdóttir.  
Heiðar Magnússon  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

**11. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 13. desember 2021 kl. 08:30 í fjarfundi.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirs dóttir. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- 2) Farið var yfir fundargerð síðustu funda og var hún samþykkt samhljóða.
- 3) Álit samstarfsnefndar og greinargerð hennar var samþykkt samhljóð í bæjar- og sveitarstjórnum í seinni umferð í síðustu viku. Var sameiningarnefnd hjá báðum sveitarfélögum falið að halda áfram að vinna að kynningu og kynningarefni.
- 4) Rætt um fyrstu skref sem taka þarf í janúar. Nefndarmenn sammála um að það gæti verið gott að hefja strax umræðu um skólamálin, jafnvel með kynningar- og samráðsfundi fliótlega eftir áramót. Samþykkt að fá RR ráðgjöf til að undirbúa þann fund með aðstoð Eggerts og Kristins.
- 5) Róbert þarf að fá upplýsingar um formenn kjörstjórna í báðum sveitarfélögum, en halda þarf fund með kjörstjórnum og sýslumannni í aðdraganda kosninganna.
- 6) Róbert fór yfir kynningaráætlunina, hvað þarf að gera og fjárhagsáætlun verksins. Gert er ráð fyrir að íbúafundir fari fram 19. og 20. janúar, annars vegar á Breiðabliki og hins vegar á Klifi.
- 7) Róbert ætlað að heyra í Heimi, upplýsingar- og kynningarfulltrúa Snæfellsbæjar til að hefja vinnu við kynningarefni í pappír og stafrænu formi. Hann mun líka hafa samband við íþróttas- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar til að virkja ungmennaráð til að kynna kosningar fyrir yngri kjósendum.
- 8) Samþykkt að næsti fundur nefndar verði haldinn 10. janúar kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:32



## FÉLAGS- OG SKOLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

### Fundargerð 198. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

**Fundarstaður;** Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður“

**Opinber útgáfa!**

**Dagsetning;** þriðjudagur 7. desember, 2021 kl. 16.30

**Mættir:** Ragnheiður Dröfn Benediktsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Sigrún Þórðardóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirlagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

**Dagskrá:**

**Meðferð mál**

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.
  
2. **Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða – afgreiðsla*  
(...flutt í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
  
3. **Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** *kynning – umræða – afgreiðsla*  
Umræður um efni og inntak fyrirhugaðra breytinga á skipulagi barnaverndarstarfs..  
Ingveldur kynnti umfjöllum starfshóps SSV um málið er varðar framtíðarskipulag  
barnavernda á Vesturlandi
  
4. **Málefni , skv. lögum og reglugerð um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla**  
*kynning – umræða – afgreiðsla*  
Umræða um mikilvægi skólaflagsráðgjafar í leik- og grunnskólum – sem og félagsþjónustu  
og barnavernd FSS, í tengslum við efni nýrra laga um farsæld í þágu barna
  
5. **Önnur mál** *kynning – umræða*
  - a) Næsti fundur nefndarinnar, nr. 199, verður haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðarbæjar  
þriðjudaginn 4. janúar kl. 16.30. Hamli sóttvarnir þeim fundi verður hann færðu á  
Teams-farfundaheimilið.



## FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

---

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.45

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

# **Framkvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga**

## **Fundargerð**

Fundur framkvæmdastjórnar Byggðasamlags Snæfellinga haldinn þriðjudaginn 14. desember 2021 á Teams-fundi kl. 9:00

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson Stykkishólmsbæ, formaður, Björg Ágústsdóttir Grundarfjarðarbæ, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Eggert Kjartansson Eyja -og Miklaholtshrepp, Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit og Þór Örn Jónsson fundarritari.

Formaður setti fund. Gengið var til dagskrár:

- 1. Áætlun Persónuverndarfulltrúa, EarthCheck, og Byggðasafns Snæfellinga árið 2022, ásamt útkomuspá fyrir árið 2021.**
  - a. Áætlun vegna Persónufulltrúa 2022 er gert ráð fyrir útgjöldum 5.040.000 kr. og endurgreiðsla sveitarfélaga -.5.040.000 kr. Niðurstaða 0 kr.**

Áætlun samþykkt.

Útkomuspá fyrir persónufulltrúa 2021 verði afgangur að upphæð 241.001 kr. sem fært er í viðskiptareikning Byggðasamlags Snæfellinga hjá Stykkishólmsbæ, svo framanlega sem engin aukverk komi frá persónuverndarfulltrúa.

Samþykkt að fela formanni að semja við Persónufullrúa um áframhaldandi samstarf.

- b. Áætlun fyrir EarthCheck verkefnið fyrir árið 2022 framlögð.**

Gerir ráð fyrir:

Launakostnaði 8.875.910 kr.

Vörukaup 225.000 kr.

Þjónustukaup 2.325.000 kr.

Endurgreiðsla sveitarfélaga -7.425.910 kr.

Hagnaður ársins 2021: 4.000.000 kr.

Niðurstaða 0 kr.

## **Framkvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga**

Útkomuspá fyrir EarthCheck verkefnið á árinu 2021 verði hagnaður að verði í kringum 4.000.000 kr. sem fært er í viðskiptareikning Byggðasamlags Snæfellinga hjá Stykkishólmsbæ og nýtt til að lækka framlög sveitarfélagana á árinu 2022.

Áætlun samþykkt með áornum breytingum.

c. Áætlun fyrir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla framlögð.

Tekjur samtals: 31.942.623 kr.

Launakostnaður: 19.771.162 kr.

Vörukaup: 2.643.542 kr.

Þjónustukaup: 6.783.846 kr.

Fasteignagöld: 1.244.073 kr.

Styrkir: 1.500.000 kr.

Niðurstaða: 0 kr.

Áætlun samþykkt.

Rekstarniðurstaða Byggðasafns Snæfellinga árið 2021 er óviss, því styrkir eiga eftir að skila sér. Tap eða gróði verður færður í viðskiptareikning Byggðasamlags Snæfellinga hjá Stykkishólmsbæ.

**2. Önnur mál:**

Jakob formaður fór yfir möguleika sveitarfélagana á Snæfellsnesi til að sækja um styrk úr **Jöfnunarsjóði sveitarfélaga** til bæta aðgengi fataðra. Búið er að eyrnamerkja **7,5 milljónir kr.** á svæði Snæfellnes í málefnum fatlaðra. Tillaga er um að sveitarfélögin á Snæfellsnesi sækji um þetta í sameiningu til verkefna s.s. laga rampa á göngustígum í Snæfellsbæ, við stígagerð í Grundarfirði, laga aðgengi í Félagsheimilnu Breiðabliki í Eyja – og Miklaholthreppi, laga aðgengi að Félagsheimilinu Skildi í Helgafellssveit og setja upp lyftu í Íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi. Að styrk Jöfnuanrsjóðsins sé skipt eftir íbúatölu um áramót 2021/2022.

## **Framkvæmdastjórn Byggðasamlangs Snæfellinga**

Pór Örn Jónsson fundarritari

## 171. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams haldinn mánudaginn

13. desember 2021 kl. 16.00

### Fundinn sátu:

Karitas Jónsdóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Trausti Gylfason og Skúli Guðbjörnsson. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins sat einnig fundinn og skrifaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Málefni Steypustöðvarinnar að Engjaási 1 og Þórólfs götu 10a

Lögð fram bréf heilbrigðiseftirlitsins til Steypustöðvarinnar í Borgarnesi dagsett 12. nóvember og 25. nóvember sl. og eftirlitsskýrslur heilbrigðiseftirlitsins vegna eftirlitsferðar í starfsmannabústaði að Engjaási 1 og Þórólfs götu 10a, í Borgarnesi, sem farin var þann 11. nóvember 2021.

Lagt fram andmælabréf Steypustöðvarinnar dagsett 25. nóvember 2021 auk svara við eftirlitsskýrslu fyrir Engjaás 1. Einnig lagt fram tölvubréf dagsett 13. desember 2021 frá framkvæmdastjóra einingaframleiðslu þar sem óskað er eftir fresti til 27. desember 2021 til að hann geti kynnt sér málið og fyrirtækið lagt fram tillögur að lausn.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita Steypustöðinni ehf. umbeðinn frest til 27. desember 2021 til að skila inn fullnægjandi tillögum varðandi framtíðartilhögun starfsmannabúða fyrirtækisins. Afgreiðslu málsins er frestað til næsta fundar.*

*Trausti Gylfason vék af fundi undir þessum fundarlið.*

#### 2. Lóðahreinsun að Gunnarsbraut 6, Búðardal

Lögð fram bréf heilbrigðiseftirlitsins 23. júní 2021, 20. ágúst 2021 og 19. nóvember 2021. Þar sem fram kemur að heilbrigðiseftirlitið muni taka til á lóðinni á kostnað eiganda þar sem ítrekuð beiðni um tiltekt með bréfum og símtölum hefur ekki boríð árangur. Verktaki hefur verið ráðinn til að taka til á lóðinni og mun hreinsun fara fram í vikunni á kostnað eiganda. Verkið er framkvæmt með heimild í 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit.

*Málið var kynnt.*

## Umsagnir

### Umsagnir til sýslumanns:

#### 3.1 Rekstrarleyfi gististaða

- a. Björg Ólafsdóttir Hamraendum, Borgarbyggð. Gististaður flokkur II, frístundahús. Gestafjöldi 4.
- b. Heljarskinn ehf. Skriðulandi Dalabyggð. Gististaður í III. flokki, stærra gistiheimili. Heiti gististaðar er Gil gistiheimili. Gestafjöldi er 24.
- c. Celia M. Lachkar. Gististaður í II. flokki, frístundahús, Marbakka, Snæfellsbæ. Gestafjöldi er 6 gestir.
- d. Veiðifélag Hörðudalsár. Gististaður í II. flokki frístundahús að Kornmúla, Hörðudal. Gestafjöldi er 6 gestir.
- e. Myrkhyllur ehf, Hótel Basalt Iðunnarstöðum, Lundareykjadal, Borgarbyggð. Gististaður í IV. flokki, hótel. Gestafjöldi í gistingu er 41 gestur. Í veitingasal 50 gestir.
- f. Dreiðam ehf. Hótel Rjúkandi, Vegamótum Eyja- og Miklaholtshreppi. Gististaður í flokki IV, stærra gistiheimili með áfengisveitingum. Gestafjöldi 32 í gistingu, 82 í veitingasal. Nýr rekstraraðili.

Lagt fram

#### 3.2 Rekstrarleyfi veitingastaða

- a. H Veitingar ehf. Veitingastaður í flokki II., veitingahús með áfengisveitingum. Foodstation, Digranesgötu 4, Borgarnesi. Hámarksgestafjöldi 120 gestir.

Lagt fram

#### 3.3 Tækifærисleyfi

- a. Brúarás ehf. Skemmtun og matarveitingar í Brúarási, Borgarbyggð. 5. nóvember 2021.
- b. Knattspyrnufélag ÍA. Lokahóf, skemmtun og léttar matarveitingar í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum, Akranesi. 16. október 2021.
- c. Hanna Kjartansdóttir vegna skemmtunar með matarveitingum í félagsheimilinu Lyngbrekku 5. nóvember 2021.
- d. Helga Jónsdóttir vegna skemmtunar með matarveitingum í félagsheimilinu Logalandi 13. nóvember 2021.

Lagt fram

#### 3.4 Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagstofnunar um skipulagsmál:

##### Skipulagsstofnun

- a. Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss i Hvítá, Borgarbyggð. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 8. nóvember 2021.

##### Akraneskaupsstaður

- b. Skipulagslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna nýrrar deiliskipulagslýsingar fyrir Hausthúsatorg að Þjóðvegi 3 á Akranesi. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 18. nóvember 2021.

## **Snæfellsbær**

- c. Forkönnun um deiliskipulagstillögu Gíslabæjar, Hellnum.
- Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 27. október 2021.
- d. Deiliskipulag iðnaðarsvæði Rifi, Snæfellsbær.
- Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 10. nóvember 2021.
- e. Deiliskipulag Gamli Kaupstaður, Snæfellsbær.
- Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 10. nóvember 2021.

## **Borgarbyggð**

- f. Aðalskipulagsbreyting Urriðaárland.
- Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 3. nóvember 2021.
- g. Lýsing á breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2021-2020. Frístundabyggð í landi Ánabrekku.
- Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 18. nóvember 2021.

## **3.5 Umsagnir til Umhverfis og orkumálaráðuneytis**

- a. Lagt fram erindi UOR sem barst með tölvupósti þann 1. desember 2021 þar sem óskað er umsagnar um erindi erindi Eflu dagsett 30. nóvember 2021 um umsókn um undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi Matfugls að Hurðarbaki. Jafnan lagt fram starfsleyfi fyrtækisins gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með gildistíma til 18. desember 2020.

*Heilbrigðiseftirlitið svaraði erindinu jákvætt með tölvubréfi 1. desember 2021.*

*Lagt fram*

## **3.6 Umsögn send til ráðuneytis Umhverfis- og auðlindamála**

Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins frá 11. október 2021, vegna umsóknar frá Grímstaðakéti Kjötvinnsla ehf, Grímsstöðum Reykholtsdal vegna ör-sláturhúss, um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar 550/2018 um auglýsingu starfsleyfis. UAR veitti leyfi til að hefja starfsemi sláturhúss áður en 4 vikna auglýsingatími leyfis var liðinn. Leyfið gilti til 15. nóvember 2021. Leyfi til 12 ára var í framhaldi gefið út af HeV sbr. lið 4. 53.

## **4. Leyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar**

### ***Starfsleyfi á sviði mengunar- matvæla og hollustuháttu***

- 4.1 Björg Ólafsdóttir. Nýtt leyfi fyrir gististað, frístundahús, Hamraendum, Borgarbyggð. Gildistími er 12 ár.
- 4.2 Kathrin Gump. Nýtt leyfi fyrir gististað, frístundahús, Litla Lambhagalandi, Hvalfjarðarsveit. Gildistími 12 ár.
- 4.3 Hvalfjarðarsveit, Leikskólinn Skýjaborg, Innrimel 1, endurnýjun leyfis fyrir leikskóla með fullbúnu eldhúsi og opið leiksvæði. Gildistími 12 ár.
- 4.4 Hvalfjarðarsveit. Nýtt starfsleyfi fyrir íþróttahús og sundlaug í Heiðarborg, við Heiðarskóla. Gildistími er 12 ár.
- 4.5 Grundarfjarðarbær, Leikskólinn Sólvellir, Sólvolldum 1, endurnýjun leyfis fyrir leikskóla með fullbúnu eldhúsi og opnu leiksvæði. Gildistími 12 ár.
- 4.6 Grundarfjarðarbær, Grunnskóli Borgarbraut 19, endurnýjun leyfis fyrir grunnskóla og opið leiksvæði. Gildistími 12 ár.

- 4.7 Akraneskirkja. Nýtt leyfi fyrir samkomustað, Safnaðarheimilinu Vinaminni, Skólabraut 13, Akranesi. Gildistími 12 ár.
- 4.8 Brauðgerð Ólafsvíkur. Nýtt leyfi fyrir bakarí að Ólafsbraut 19, Ólafsvík. Starfsleyfið er ótímabundið.
- 4.9 N1 ehf. Nýtt leyfi fyrir hjólbarðaverkstæði að Dalbraut 14. Gildistími 3 ár vegna fyrirhugaðra breytinga í skipulagi. Leyfið auglýst á vefsvæði HeV frá 20. ágúst 2021 til 17. september 2021. Ein athugasemd barst frá nágranna.
- 4.10 Veiðifélag Hörðudalsár. Nýtt leyfi fyrir gististað, frístundahús Kornmúla, Hörðudal, Dalabyggð. Gildistími er 12. ár.
- 4.11 SHG13 ehf. Nýtt leyfi fyrir lítið bifreiða-og vélaverkstæði Sólbakka 6 í Borgarnesi. Leyfið var auglýst á vefsvæði HeV frá 7. september 2021 til 5. október 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.
- 4.12 Hótelgarðurinn ehf. Nýtt leyfi fyrir gisti- og matsölustað að Hamragörðum 1, Bifröst, Borgarbyggð. Gildistími er 12 ár.
- 4.13 Snæfellsbær. Nýtt leyfi fyrir dvalarheimilið Jaðar að Hjarðartúni 3, Ólafsvík. Gildistími er 12 ár.
- 4.14 Myrkhyllur ehf. Nýtt leyfi fyrir gisti- og matsölustað Hótel Basalt, Iðunnarstöðum Lundareykjardal, Borgarbyggð. Gildistími 12 ár.
- 4.15 Hjallastefnan. Nýtt leyfi fyrir Leikskólann Hraunborg, Bifröst, Borgarbyggð með litlu mótneyti, og opnu leiksvæði. Gildistími er 12 ár.
- 4.16 H veitingar ehf. Nýtt leyfi fyrir matsölustað Food station, Digranesgötu 4, Borgarnesi. Nýr rekstraraðili. Leyfið er ótímabundið.
- 4.17 Heljarskinn ehf. Nýtt leyfi fyrir gististað að Skriðulandi Saurbæ. Gildistími 12 ár.
- 4.18 Katarínus Jón Jónsson. Nýtt leyfi fyrir lítið bifreiða- og vélaverkstæði að Vesturbraut 12 d. Búðardal. Leyfið var auglýst á vefsvæði HeV frá 14. október 2021 til 11. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.
- 4.19 Snæfellsbær. Nýtt leyfi fyrir tjald- og gistiagnastæði Hellissandi við Útnesveg. Gildistími er 12 ár.
- 4.20 Snæfellsbær. Nýtt leyfi fyrir tjald- og gistiagnastæði Dalbraut 7, Ólafsvík. Gildistími er 12 ár.
- 4.21 Borgarbyggð. Nýtt starfsleyfi fyrir samkomustað í Félagsheimilinu Lindartungu, Haukatungu, Borgarbyggð. Gildistími er 12 ár.
- 4.22 Borgarbyggð. Nýtt starfsleyfi fyrir samkomustað í Félagsheimilinu Lyngbrekku, Arnarstapalandi, Mýrum, Borgarbyggð. Gildistími er 12 ár
- 4.23 Borgarbyggð. Nýtt starfsleyfi fyrir Aldan hæfingarstöð Borgarbraut 65 a, Borgarnesi. Gildistími er 12 ár.
- 4.24 Félagsheimilið Skjöldur. Nýtt leyfi fyrir gisti- og samkomustað í félagsheimilinu Skildi í Sauralandi, Helgafellssveit. Gildistími er 12 ár.
- 4.25 Fjóla Verónika Guðjónsdóttir. Handhafabreyting vegna nýs rekstraraðila fyrir gististað Rauðanesi II, Borgarbyggð. Leyfið gildir til 2030.
- 4.26 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar að Brúartorgi 6, Borgarnesi. Gildistími er til ársins 2024.
- 4.27 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar á Hreðavatni, Borgarbyggð. Gildistími er til ársins 2027.
- 4.28 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar í Baulunni, Borgarbyggð. Gildistími er til ársins 2023.
- 4.29 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar að Suðurgarði, Grundarfirði. Gildistími er til ársins 2028.
- 4.30 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar á Húsafelli, Borgarbyggð. Gildistími er til ársins 2032.

- 4.31 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar og sölurnar Kvikk on the go að Skagabraut 43, Akranesi. Gildistími er til ársins 2033.
- 4.32 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar að Smiðjuvöllum 22 Akranesi. Gildistími er til ársins 2033.
- 4.33 Orkan IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bensínstöðvar við Aðalgötu Stykkishólmi. Gildistími er til ársins 2024.
- 4.34 Skeljungur IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bátaafgreiðslu við Ólafsvíkurhöfn Gilbakka. Gildistími er til ársins 2033.
- 4.35 Skeljungur IS ehf. Handhafabreyting vegna rekstar bátaafgreiðslu við hafnarsvæði Rifi. Gildistími er til ársins 2033
- 4.36 Laurent Balmer. Nýtt starfsleyfi fyrir smáframleiðslu matvæla og sölu að Narfaseli Narfastaðalandi 4 nr. 2A. Hvalfjarðarsveit. Ótímabundið leyfi.
- 4.37 Bílver ehf. Nýtt starfsleyfi fyrir lítið bifreiða- og vélaverkstæði að Innnesvegi 1, Akranesi. Leyfið var auglýst á vefsvæði HeV frá 22. október 2021 til 19. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til ársins 2033.
- 4.38 J G R heilda. Nýtt starfsleyfi fyrir heildsölu að Sólbakka 6, Borgarnesi. Starfsleyfið er ótímabundið.
- 4.39 Dreisam ehf. Nýtt starfsleyfi fyrir gisti- og matsölustað Hótel Rjúkandi að Vegamótum, Eyja- og Miklaholtshreppi. Gildistími er til 12 ára.
- 4.40 Hvanneyrarkirkja. Nýtt starfsleyfi fyrir samkomusal í Skemmunni Gömlu torfunni Hvanneyri. Gildistími er til 12 ára.
- 4.41 Margrét Grétarsdóttir. Nýtt starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Borgarbraut 57 A, Borgarnesi. Gildistími er 12 ár.
- 4.42 JE Bílver ehf. Nýtt starfsleyfi fyrir lítið bifreiða- og vélaverkstæði að Dalbraut 10, Ólafsvík. Leyfið var auglýst á vefsvæði HeV frá 29. október 2021 til 25. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.
- 4.43 TS vélaleiga ehf. Nýtt starfsleyfi fyrir viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja að Dalbraut 2, Ólafsvík. Leyfið var auglýst á vefsvæði HeV frá 29. október 2021 til 25. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.
- 4.44 Eiríkur Ingólfsson ehf. Nýtt starfsleyfi fyrir trésmíðaverkstæði að Sólbakka 8, Borgarnesi. Leyfið var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins frá 8. nóvember 2021 til 6. desember 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.
- 4.45 Fiskmarkaður Íslands hf. Handhafabreyting vegna fiskmarkaðs Arnarstapa. Starfsleyfið upphaflega gefið út 6. júní 2013 og gildir til 2025.
- 4.46 Bjarnarhöfn ferðaþjónusta ehf. Nýtt starfsleyfi fyrir smáframleiðslu, hákarlaverkun og pökkun að Bjarnarhöfn, Helgafellsveit. Ótímabundið starfsleyfi.
- 4.47 SHG13 ehf. Nýtt starfsleyfi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Sólbakka 6, Borgarnesi. Gildistími er til 12 ára.
- 4.48 Smurstöð Akraness, Smiðjuvöllum 2 Akranesi. Endurnýjað leyfi fyrir smurstöð. Leyfi auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins frá 7. september til 5. október 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.
- 4.49 Stykkishólmsbær. Grunnskólinn í Stykkishólmi. Leyfi fyrir grunnskóla, með litlu móttökueldhúsi og opnu leiksvæði. Endurnýjað leyfi. Gildistími er 12 ár.
- 4.50 Terra umhverfisþjónusta hf Ennisbraut 38, Ólafsvík. Leyfi fyrir gámastöð, sorpflutninga og sorphirðu. Leyfi auglýst á vefsvæði HeV frá 7. september 2021 til 5. október 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími 12 ár.
- 4.51 Dekk og smur ehf, Nesvegi 5 Stykkishólmi. Leyfi fyrir smurstöð. Leyfi var auglýst á vefsvæði HeV frá 7. september 2021 til 5. október 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.

- 4.52 Celaia M. Lachkar, Marbakki Snæfellsbæ Gististaður - frístundahús. Gildistími er 12 ár.
- 4.53 Felix fiskur ehf. Hafnarbraut 16, Akranesi. Endurnýjað leyfi fyrir harðfiskvinnslu. Leyfið var auglýst á vefsíðu HeV frá 10. nóvember 2021 til 8. desember 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.
- 4.54 Grímstaðaket Kjötvinnsla ehf. Grímsstöðum, Reykholtadal. Nýtt leyfi fyrir örslátturhúsi (fráveitu- og mengunarmálum). Leyfi var auglýst á vefsíðu HeV frá 4. október 2021 til 1. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er 12 ár.

#### **Tímabundin leyfi**

- 4.55 Markaðsstofa Vesturlands, Matarhátið og markaður Hvannayri 13. nóvember 2021. Markaðsleyfi.
- 4.56 Nemendafélag Háskólans á Bifröst, Matarmarkaður Bifröst 27. nóvember 2021. Markaðsleyfi.
- 4.57 Veitur ohf. Tímabundið leyfi til jarðborana frá 28. október 2021- 1. júní 2022. Leyfið gildir fyrir borun innan vatnsverndarsvæðis og/eða í jaðri þess á Seleyri og í Grábrókarhrauni í Borgarbyggð.
- 4.58 Vilhjálmur Hjörleifsson Varmalandi. Leyfi fyrir áramótabrennu á Varmalandi, Borgarbyggð.
- 4.59 Dalabyggð. Leyfi fyrir áramótabrennu í Búðardal, Dalabyggð.
- 4.60 Hjálmar Þ. Kristjánsson. Leyfi fyrir áramótabrennu á Rifi, Snæfellsbæ.

#### **Tóbakssöluleyfi- gildir í 4 ár**

- 4.61 Sölsuskáli ÓK, Ólafsbraut, Ólafsvík. Gildir: 25. 11 2021 til 25.11.2025.
- 4.62 Orkan (Port 1 ehf) Skagabraut 43, Akranesi. Gildir: 15. nóvember 2021 til 15. nóvember 2025.

## **5 Önnur mál**

Lögð fram eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar vegna heimsóknar á urðunarstaðinn Fíflholt í Borgarbyggð þann 9. desember 2021.

**Fundi slitið kl: 17:10**

Fulgild rafraen undirskrift  
**PORSTEINN NARFASON**  
Kennitala: 200366-5069  
2021-12-29 11:20:48 GMT  
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift  
**SILJA EYRÚN STEINGRÍMSDÓTTIR**  
Kennitala: 070282-3219  
2021-12-29 11:35:22 GMT  
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift  
**BRYNJA ÞORBJÖRNSDÓTTIR**  
Kennitala: 070658-2049  
2021-12-29 11:38:55 GMT  
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift  
**STEINUNN INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR**  
Kennitala: 090970-3219  
2021-12-29 12:48:10 GMT  
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift  
**KARITAS JÓNSDÓTTIR**  
Kennitala: 161285-3239  
2021-12-30 16:56:45 GMT  
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift  
**RAGNHILDUR SIGURDARDÓTTIR**  
Kennitala: 091072-4759  
2021-12-30 18:38:33 GMT  
Astaða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift  
**AUDUR KJARTANSDÓTTIR**  
Kennitala: 230891-2309  
2021-12-30 20:03:14 GMT  
Astaða: Undirskrift

## 172. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams haldinn þriðjudaginn 28. desember 2021 kl: 16:00

Mættir: Karitas Jónsdóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Auður Kjartansdóttir. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri sat fundinn og skrifaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Málefni Steypustöðvarinnar að Engjaási 1 og Þórólfsgötu 10a

Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi þann 13. desember 2021.

Lagt fram bréf Steypustöðvarinnar ehf. dagsett 27. desember 2021.

*Málinu frestað til næsta fundar. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna sem málið varðar.*

#### 2. Möguleg kaup á rafmagnsbifreið fyrir embættið

*Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu.*

#### 3. Umsagnir

3.1 Umsagnir til sveitarfélaga um skipulagsmál

**Borgarbyggð.**

a. Aðalskipulagsbreyting Hvanneyri.

Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 22. desember 2021.

**Stykkishólmur.**

b. Aðalskipulagsbreyting Stykkishólmi vegna gististaða. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 28. desember 2021.

3.2 Umsagnir til Umhverfis – og auðlindaráðuneytis

a. Lagt fram erindi UAR vegna beiðni frá Íslandshótelum vegna undanþágu á starfsleyfi vegna hundahalds á sérmerktum hótelherbergjum á Fosshoteli í Reykholti, Stykkishólmi og Hellnum. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gaf jákvæða umsögn til UAR 13. desember 2021. UAR hefur nú gefið út undanþágu fyrir hótelin þrjú. Undanþágan gildir til 15. desember 2023.

**4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar**

- 4.1 Íslandshótel hf. Breytt skilyrði í 2 ár vegna undanþágu um hundahald á nokkrum gistiherbergjum á Fosshótelri Stykkishólmi, Reykholti og Hellnum í samræmi við erinidi frá UAR.
- 4.2 Skagafiskur ehf. Nýtt leyfi fyrir lítill vinnslu fyrir fisk á Faxabraut 3 (bil 105) Akranesi, vegna starfsemi fiskbúðarinnar Skagafiskur á Kirkjubraut 40. Gildistími er 12 ár.

**Tímabundin leyfi**

- 4.3 Skagaver ehf. Tímabundið leyfi fyrir niðurrifi/meðhöndlun á frárennslislögnum úr asbesti Merkigerði 9, Akranesi. Leyfið gildir frá 21. desember til 21. janúar 2022.
- 4.4 Ungmennafélag Reykdæla. Leyfi fyrir áramótabrennu á Tíðamel við Reykholt, Borgarbyggð. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vefsþáttum heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust.
- 4.5 Ungmennafélag Staðarsveitar. Umsögn/leyfi vegna lítillar brennu á Kirkjuhól Staðarsveit 30. desember 2021.
- 4.6 Björgunarsveitin Elliði. Leyfi fyrir flugeldasýningu á Kirkjuhól Staðarsveit 30. desember kl 21.
- 4.7 Björgunarsveitin Lífsbjörg. Leyfi fyrir flugeldasýningu á Breiðinni, við Rif, Snæfellsbæ, 31. desember kl 19.
- 4.8 Björgunarsveitin Ósk Dalabyggð. Leyfi fyrir flugeldasýningu á bryggjunni í Búðardal 31. desember kl. 21.
- 4.9. Björgunarfélag Akraness. Leyfi fyrir flugeldasýningu á hafnarsvæðinu (stóra bryggja) á Akranesi 6. janúar 2022 kl: 18.

**5. Ráðning framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands**

Heilbrigðisnefnd hefur ráðið Þorstein Narfason umhverfisfræðing í starf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að undangenginni auglýsingu og ráðningarárferli.

## **Fundargerð 64. fundar**

### **stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga**

Árið 2021, mánudaginn 13. desember kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir, Gauti Jóhannesson og Njáll Ragnarsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Magnús Kristjánsson og Guðmundur Freyr Hermannsson hjá KPMG sátu þennan dagskrálið.

#### **1. Tekjur sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi - 2102004SU**

Magnús Kristjánsson hjá KPMG kynnír drög að greiningu KPMG á tekjum sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi.

Lögð fram drög að greiningu á tekjum sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi. Magnús Kristjánsson og Guðmundur Freyr Hermannsson kynntu drögin fyrir hönd KPMG.

Lokaskýrsla verður lögð fyrir á næsta stjórnarfundi samtakanna.

Gauti Jóhannesson vék af fundi.

#### **2. Sjávarútvegsfundur 2022 - 2111001SU**

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal halda sjávarútvegsfund þau ár sem ekki er haldinn aðalfundur. Heimsfaraldur COVID-19 hafði áhrif á starfsemi samtakanna og því næst ekki að halda Sjávarútvegsfund árið 2021.

Sjávarútvegsfundi er ætlað að vera vettvangur kynninga og fræðslu fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Sjávarútvegsfundur er öllum opinn og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SS en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

Taka þarf ákvörðun um tímasetningu Sjávarútvegsfundar samtakanna á árinu 2022 og móta áherslur í umfjöllun.

Ákveðið að halda Sjávarútvegsfund þriðjudaginn 22. febrúar 2022. Stefnt að því að verði staðfundur á höfuðborgarsvæðinu.

Formaður, Jón Björn Hákonarson og Matthildur Ásmundardóttir munu undirbúa dagskrá fundarins.

#### **3. Drög að breytingu á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags - 2111002SU**

Lögð fram til kynningar drög að breytingu á reglugerð nr.330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Skerðing á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja - 2112001SU**

Frétt frá Landsvirkjun um skerðingu á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

Matthildur Ásmundardóttir vék af fundi.

**5. Starfsemi sláturskipa - 2111003SU**

Erindi frá Hafnasambandi Íslands um starfsemi sláturskipa lagt fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar og vísað til næsta fundar til frekari umfjöllunar.*

Baldur Smári Einarsson vék af fundi undir þessum dagskrálið vegna hagsmunatengsla.

Fundi var slitið kl. 14:05

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Baldur Smári Einarsson

---

Fannar Jónasson

---

Jón Björn Hákonarson

---

Matthildur Ásmundardóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Njáll Ragnarsson

## **Fundargerð 904. fundar**

### **stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Árið 2021, föstudaginn 10. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Þórdís Lóa Pórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Gauti Jóhannesson, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir. Heiða Björg Hilmsdóttir og Gunnar Einarsson tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

#### **1. Fundargerð 903. fundar - 2101077SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 903. fundar stjórnar sambandsins frá 26. nóvember 2021.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

#### **2. Kjaramálanefnd sambandsins - 2009595SA**

Lögð fram sem trúnaðarmál fundargerð 27. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 7. desember 2021.

Gunnar Einarsson kom inn á fundinn kl. 12:28.

#### **3. Jónsmessunefnd - 2101016SA**

Lögð fram drög að fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 29. nóvember 2021 ásamt tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026. Einnig lögð fram glærukynning, dags. 8. desember 2021, um áætlaða afkomu sveitarfélaga 2021-2026.

Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 12:35

#### **4. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar - 2009557SA**

Lögð fram greinargerð um nýjan stjórnarsáttmála og skiptingu málefna á milli ráðuneyta.

Stjórnin þakkar fyrir greinargóða samantekt sem mun nýtast í starfi sambandsins á næstunni:

Einnig var eftirfarandi bókun samþykkt með 9 atkvæðum.

Heiða Björg Hilmsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson sátu hjá við afgreiðslu bökunarinnar:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni við gerð kjarasamninga á Íslandi. Í skýrslu Kjaratölfræðinefndar kemur fram að í síðustu kjarasamningalotu hafi verið gerðir 340 kjarasamningar og dæmi eru um að samningar taki til 2-3 starfsmanna. Stjórnin tekur undir áhersluatriði í stjórnarsáttmála um að styrkja stöðu ríkissáttasemjara. Ný ríkisstjórn

er brýnd til að hefja nú þegar endurskoðun á umgjörð kjarasamninga á opinberum sem og almennum vinnumarkaði í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Bjarni Jónsson kom aftur inn á fundinn kl. 13:00.

**5. Jöfnun launa milli markaða - 2009052SA**

Lögð fram haustskýrsla kjaratölfræðinefndar dags. í október 2021. Katrín Óladóttir og Benedikt Valsson komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir málinu.

**6. Mat á árangri á starfsáætlun sambandsins 2021 - 2011018SA**

Lagt fram mat á árangri á starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2021. Framkvæmdastjóri fer yfir helstu þætti matsins. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti matsins.

Stjórnin þakkar fyrir greinargott mat á árangri og framfylgd starfsáætlunar ársins 2020. Prátt fyrir erfiðar aðstæður á tímum Covid-19 hefur tekist að halda uppi öflugri starfsemi.

**7. Starfsáætlun sambandsins 2022 - 2111026SA**

Lögð fram drög að starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.

Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að starfsáætlun sambandsins ársins 2022

**8. Breytingar á vinnuaðstöðu í Borgartúni 30 - 2009436SA**

Lagðar fram teikningar frá ASK arkitektum af tillögum að breytingum á húsnæði Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt kostnaðaráætlun. Um er að ræða umfangsmiklar breytingar sem miða að því að innleiða verkefnamiðað vinnurými sem og að útbúa rými sem hentar breyttum starfsaðstæðum í kjölfar Covid-19 og stafrænnar byltingar.

Stjórn samþykkir að leita tilboða í verkið á grundvelli þeirra upplýsinga sem kynntar voru á fundinum.

Heiða Björg Hilmisdóttir vék af fundi kl. 14:33.

**9. Þjónustukönnun sambandsins - 2009404SA**

Lagðar fram til kynningar niðurstöður þjónustukönnunar sem sambandið sendi til sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri sagði að stjórnendur hjá sambandinu væru að rýna vel niðurstöður könnunarinnar með það að leiðarljósi að bregðast við ýmsum uppbyggilegum ábendingum til að bæta starfsemina eins og kostur er.

Stjórnin lýsir ánægju með að heildarniðurstöður könnunarinnar eru jákvæðar í garð sambandsins þó alltaf megi bæta og þróa starfsemina á jákvæðan hátt. Stjórn sambandsins leggur áherslu á að unnið verði áfram með niðurstöður þjónustukönnunarinnar til að bæta þjónustu sambandsins enn frekar.

**10. Tilnefning í stjórn Jafnlaunastofu - 2101018SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Jafnlaunastofu, dags. 23. nóvember 2021, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, eru tilnefnd sem aðalmenn í stjórn Jafnlaunastofu, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

**11. Ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga - 2103022SA**

Lögð fram til kynningar ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem fram fór á Hellu dagana 28.-29. október 2021.

Gunnar Einarsson vék af fundi kl. 14:45.

Í lok fundar tók framkvæmdastjóri upp mál sem var fært í trúnaðarbók.

Fundi var slitið kl. 15:05

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eyþór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari



Snæfellsbær  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbær

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 28. desember 2021  
Tilv.: UMH21060171/2.2

Í auglýsingu nr. 935/2021 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul er kveðið á um skipan þjóðgarðsráðs sem starfa skal með Umhverfisstofnun sem fer með stjórn þjóðgarðsins og hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar þjóðgarðsráðið til fjögurra ára sem í eiga sæti fulltrúi frá Umhverfisstofnun, hlutaðeigandi sveitarstjórn, Minjastofnun Íslands, ferðapjónustusamtökum á Snæfellsnesi ásamt fulltrúa frá umhverfisverndarsamtökum og útvistarsamtökum.

Hlutverk þjóðgarðsráðs er að fjalla um framkvæmdaáætlun og áherslur fyrir þjóðgarðinn, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn, ásamt endurskoðun og breytingar á henni og önnur stefnumarkandi mál er varða þjóðgarðinn, s.s. um þjónustu og atvinnustefnu í þjóðgarðinum.

Hér með er þess óskað að Snæfellsbær tilnefni fulltrúa í þjóðgarðsráðið og að tilnefning berist eins fljótt og mögulegt er og ekki síðar en 6. janúar nk. á netfangið uar@uar.is ásamt heimilisfangi, netfangi og kennitölu viðkomandi.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Umhverfisstofnun greiðir úttagðan kostnað við fundi þjóðgarðsráðsins svo sem ferða- og upphaldskostnað. Tilnefningaraðilar greiða annan kostnað vegna setu fulltrúa sinna í ráðinu.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Auður Arnardóttir



Snæfellsbær  
Snæfellsási 2  
360 Snæfellsbær

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTID

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 21. desember 2021  
Tilv.: ANR21110352/11.02.07

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga fiskveiðíárið 2021/2022

Samkvæmt reglugerð nr. 919/2021, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðírinu 2021/2022, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra allt að 4.623 þorskigildistönn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli sbr. 5. gr. reglugerðarinnar hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Úthlutun innan sveitarfélagsins verður eftirfarandi:

Byggðarlag	Slutfall úthlutunar af heildarúthlutun til allra byggðarlaga	Breyting úthlutunar milli ára (í þorskigildistönnum)	Úthlutun fiskveiðíársins 2021/2022 (í þorskigildistönnum)	Úthlutun fiskveiðíársins 2020/2021 (í þorskigildistönnum)
Arnarstapi	0,32%	0	15	15
Hellissandur	0,32%	0	15	15
Ólafsvík	0,58%	0	27	27
Rif	0,32%	0	15	15
<b>Samtals:</b>	<b>1,56%</b>	<b>0</b>	<b>72</b>	<b>72</b>

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðírinu 2021/2022 liggur fyrir er sveitarfélögum því gefinn frestur til **21. janúar** n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur. Tillögur sveitarfélaga verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins til **31. janúar** og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög teknar til efnislegrar meðferðar.

Í þeim tilvikum að ekki komi fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímafrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Einnig geta sveitarfélög sent ráðuneytinu staðfestingu á að ekki sé fyrirhugað að leggja fram tillögu að sérreglum og þá mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í viðkomandi byggðarlögum án tafar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarfélög þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælt er með að sveitarfélög noti vegna tillögu um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra og fylgir með í viðhengi. Jafnframt fylgja þær sérreglur sem settar voru og giltu á síðasta fiskveiðíári einnig með í viðhengi til upplýsingar.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Benedikt Arnason

Jón Ólafur Stefánsson

Fylgiskj.: Leiðbeiningar vegna tillagna sveitarfélaga um sérreglur vegna byggðakvóta  
Auglýsing nr. 271, um (1.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á  
fiskveiðíárinu 2020/2021

## **Leiðbeiningar vegna tillagna sveitarstjórna um sérreglur vegna byggðakvóta**

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022 er að finna í reglugerð nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022. Einnig getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga og getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem víkja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmæðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um fjögurra víkna frest fyrir sveitarstjórnir til að skila tillögum og ákvæði um kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta til fiskiskipa í byggðarlaginu að grunni til eftirfarandi:

### **Málsmæðferð sveitarstjórnar**

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna úthlutunar byggðakvóta til fiskiskipa. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er í fundargerð um málið.

### **Afgreiðsla ráðuneytis**

1. Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu með áritun sveitarstjórnar eða meðfylgjandi fundargerð.
2. Ráðuneytið mótteker erindi og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
3. Kynning á tillögum sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga.
4. Ráðuneytið mótteker athugasemdir vegna tillögu sveitarfélags og undirbýr kynningu á athugasemdum.
5. Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarfélags. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta.
6. Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnaugra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.
7. Ráðherra staðfestir (eða hafnar) tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
8. Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu.
9. Auglýsing sérreglna send Stjórnartíðindum til birtingar.
10. Ráðuneytið sendir Fiskistofu staðfestar sérreglur.

### **Auglýsing og afgreiðsla Fiskistofu**

Fiskistofa auglýsir í framhaldinu byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef svo á við.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áformar að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórnar feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávik eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr.

<b>Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022</b>	
<b>Sveitarfélag:</b>	Hér skal rita nafn sveitarfélags.
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:</b>	Hér skal tilgreina hvaða byggðarlag tillaga sveitarfélags varðar. Ef um er að ræða tillögu sem varðar fleiri en eitt byggðarlag innan sama sveitarfélags skal tilgreina hvaða byggðarlög er um að ræða.
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Hér skal rita dagsetningu á samþykkt sveitarstjórnar á tillögu að sérreglum sem send er ráðuneytinu. Jafnframt skal senda afrit af fundargerð sveitarstjórnar þar sem ákvörðun vegna tillagna að sérreglum er samþykkt til ráðuneytisins.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillöggunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillöggunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillöggunni.

## AUGLÝSING

**um (1.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun  
byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðírinu 2020/2021.**

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðírinu 2020/2021, staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

**[Akureyrarbær vegna Grímseyjar (löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Grímseyjar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
- b) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- c) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

**Akureyrarbær vegna Hríseyjar (breyting á almennum skilyrðum, löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Hríseyjar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíars, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
- c) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- d) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>1. gr. auglýsingar nr. 374/2021.

**Árneshreppur (löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Norðurfjarðar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
- b) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- c) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

**[Blönduósbær (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn, niðurfelling vinnsluskyldu).]<sup>1)</sup>**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduósbæjar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi 1. júlí 2020.
- b) Ákvæði 1. málsl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð póstfang og lögheimili í sveitarfélagini 1. júlí 2020.
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt á milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. september 2020.
- d) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 í Blöndóshöfn eða Skagastrandarhöfn.
- e) [Ákvæði 4. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- f) Í stað orðanna „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: telst hafa verið landað til vinnslu].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>A-liður 2.. gr. auglýsingar nr. 374/2021. <sup>2)</sup>B-liður 2.. gr. auglýsingar nr. 374/2021.

**Dalvíkurbyggð (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan sveitarfélags, vinnsluskylda innan sveitarfélags, heimil skipti á tegundum í vinnslu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Dalvíkur, Árskógrssands og Hauganess með eftirfarandi breytingum:

- a) Í stað 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á þannig að 30% úthlutaðs byggðakvóta byggðarlags skal skipt jafnt á alla þá báta úr viðkomandi byggðarlagi sem sækja um byggðakvóta og uppfylla að öðru leyti ákvæði 1. gr. Óski einhver eftir tilteknu magni kvóta, sem er minna en hann á rétt á samkvæmt þessu ákvæði, þá skiptast eftirstöðvar þess hluta byggðakvótans jafnt milli hinna umsækjendanna. Skipta skal 70% byggðakvóta byggðarlagsins hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Ekkert skip fær þó meira en 35% af þeim 70% sem skipt er samkvæmt lönduðum afla.
- b) Í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga“ og verður: til vinnslu innan sveitarfélagsins.
- c) Við 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsl. svohljóðandi: Þó er vinnsluaðila heimil jöfn skipti, miðað við þorskígildisstuðul, á tegundum við annan vinnsluaðila, og komi þá slík fyrirætlan fram í þeim samningi sem eigandi fiskiskips gerir við fiskkaupanda, og skal sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.

**Fjallabyggð (breyting á viðmiðun um úthlutun, afmörkun landaðs afla, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020, þó að hámarki 80 þorskígildistönn á fiskiskip.
- Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afla af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Fjarðabyggð vegna Stöðvarfjarðar (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Stöðvarfjarðar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 13. október 2020.
- Ákvæði 1. málsl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 13. október 2020.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 37% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar en 63% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa, þeim afla sem telja á til byggðakvóta, innan viðkomandi byggðarlags til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Fjarðabyggð vegna Breiðalsvíkur (breyting á viðmiðun um úthlutun).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Breiðalsvíkur með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 25% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt jafnt milli skipa og 75% skal skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

**Fjarðabyggð vegna Mjóafjarðar (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Mjóafjarðar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 25% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt jafnt milli skipa og 75% skal skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa, þeim afla sem telja á til byggðakvóta, innan viðkomandi byggðarlags til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Grýtabakkahreppur (breyting á viðmiðun um úthlutun, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Grenivíkur með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 1/3 hluti byggðakvótans skiptist jafnt milli þeirra skipa sem sækja um og 2/3 hlutum skal skipt í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa 1. september 2020.
- Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

**Húnaþing vestra (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Hvammstanga með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:
  - 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 730/2020 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2020/2021. Við skiptingu þessa 80% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn, síðastliðin þrjú fiskveiðíár. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðíár, nú 2017/2018, 2018/2019 og 2019/2020.
  - 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2020/2021, miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn síðastliðin þrjú fiskveiðíár, í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðíár, nú 2017/2018, 2018/2019 og 2019/2020.
  - Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.

- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
- c) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- d) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

**Ísafjarðarbær (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, afmörkun landaðs afla, löndunarskylda innan sveitarfélags heimil með áritun).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Flateyrar, Hnífsdals, Ísafjarðar, Suðureyrar og Þingeyrar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
- b) Ákvæði c-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélagini 1. júlí 2020.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi, sbr. a-lið, 1 þorskigildistönn á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðíárinu 2019/2020, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- d) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli sem landað er í sveitarfélagini úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- e) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

**Kaldrananeshrepur (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Drangsness með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum á Drangsnesi á fiskveiðíárinu 2019/2020 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til Drangsness, miðað við allan landaðan botnfiskafla á Drangsnesi í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa á Drangsnesi þeim afla sem telja á til byggðakvóta Drangsness og til vinnslu innan Drangsness á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Langanesbyggð (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan sveitarfélags, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Bakkafjarðar og Þórshafnar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 17. september 2020.
- Ákvæði c-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 17. september 2020.
- Við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Skráð stærð fiskiskips er minni en 300 brúttótonn.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020 að frádregnu því aflamarki sem tilkomið er vegna úthlutunar á sértæku aflamarki Byggðastofnunar.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Norðurþing (breyting á viðmiðun um úthlutun, afmörkun landaðs afla, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Kópaskers og Raufarhafnar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Aflí sem landað er í sveitarfélagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Snæfellsbær (breyting á viðmiðun um úthlutun, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Arnarstapa, Hellissands, Ólafsvíkur og Rifs með eftirfarandi breytingum:

- Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ og verður: í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Strandabyggð (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Hólmavíkur með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal 25% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 75% skal skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
- Ákvæði 4. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

**Stykkishólmur (breyting á viðmiðun um úthlutun, breyting á viðmiðunartímabili).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Stykkishólmsbæjar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist „því viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. gr.“ og verður: á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Suðurnesjabær vegna Garðs (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan sveitarfélags, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Garðs með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Súðavíkurhreppur (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Súðavíkur með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
- Nýr málsl. bætist við b-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi: Þó skal víkja frá skilyrði um skráningu í byggðarlagi sé fiskiskip í eigu lögaðila sem fullnægir skilyrðum c-liðar og fengið hefur staðfestingu sveitarstjórnar, sbr. ákvæði 4. málsl. 1. mgr. 6. gr., eða að fiskiskip lögaðila sé skráð í byggðarlagi 1. mars 2020.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega að teknu tilliti til hámarksúthlutunar hvers flokks (a-c) miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020:
  - Alls 65 þorskígildistonnum skal úthlutað til fiskiskipa með frístundaleyfi.
  - Alls 75 þorskígildistonnum skal úthlutað til fiskiskipa sem veiðileyfi hafa með króka-aflamarki.
  - Alls 85 þorskígildistonnum skal úthlutað í jöfnum skiptum til aflamarksskipa 100 brúttorúmlestir eða stærri þó að hámarki 200 brúttorúmlestir.
  - Aflamarki skv. stafliðum a og c sem annars hefur ekki verið úthlutað skal skipt milli fiskiskipa sem tilgreind eru í staflið b til hækjunar á hámarksúthlutun.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyld að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**[Sveitarfélagið Árborg (vinnsluskylda innan sveitarfélags).]<sup>1)</sup>**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar með eftirfarandi breytingum:

- [Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyld að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>A-liður auglýsingar nr. 346/2021. <sup>2)</sup>B-liður auglýsingar nr. 346/2021.

**Sveitarfélagið Hornafjörður (breyting á viðmiðun úthlutunar).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Hafnar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal 15% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 85% skal skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

**Sveitarfélagið Skagafjörður (breyting á viðmiðun úthlutunar, löndunarskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Sauðárkróks og Hofsóss með eftirfarandi breytingum:

- Nýr málsl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi: Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 14 þorskígildistönn á skip.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

**Sveitarfélagið Skagaströnd (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun úthlutunar, löndunarskylda innan byggðarlags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Skagastrandar með eftirfarandi breytingum:

- [Ákvæði c-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með póstfang og lögheimili í sveitarfélagini 1. júlí 2020.]<sup>1)</sup>
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíars, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt að teknu tilliti til hámarksúthlutunar hvers flokks (a-c) miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020:
  - Alls 40 þorskígildistönnum skal skipt jafnt milli fiskiskip með hlutdeild í veiðum á rækju á grunnslóð á Húnaflóa.
  - Eftirstöðvum aflamarks skal skipt hlutfallslega milli fiskiskipa að teknu tilliti til 50 þorskígildistonna hámarks til fiskiskips.
- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

<sup>1)</sup> 1. gr. auglýsingar nr. 307/2021. Bent skal á að þrátt fyrir að ákvæði með breytingu með auglýsingu nr. 307/2021 hafi verið sett inn þá voru áhrif pessa ákvæði viðbótarskilyrðis þá hafði breyting á ákvæðinu ekki áhrif við framkvæmd úthlutunar.

**Sveitarfélagið Vogar (breyting á viðmiðun úthlutunar).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Vogar með eftirfarandi breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíars, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

**Sveitarfélagið Ölfus (breyting á viðmiðum um úthlutun).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Þorlákshafnar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 35% byggðakvóta Þorlákshafnar skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar en 65% byggðakvótans í Þorlákshöfn skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

**Tálknafjarðarhreppur (breyting á viðmiðun um úthlutun, vinnsluskylda innan Vestur-Barðastrandarsýslu).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að: 50% skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa sínum afla fiskveiðíárið 2019/2020 í Tálknafjörð og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 50% skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla til vinnslu í Vestur-Barðastrandarsýslu í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu, á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

**Vesturbyggð (breyting á viðmiðun úthlutunar, afmörkun landaðs afla, vinnsluskylda innan sveitarfélags).**

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Bíldudals, Brjánslækjar og Patreksfjarðar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afla af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyldt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Nr. 271

15. mars 2021

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. mars 2021.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Áslaug Eir Hólmeirs dóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2021